

REGLUGERÐ um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Túnis nr. 283/2015.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi tölfliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Túnis nr. 283/2015 í réttri númeraröð:

- 1.4 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/119 frá 28. janúar 2016 um breytingu á ákvörðun 2011/72/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem beinast gegn tilteknunum einstaklingum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Túnis, fylgiskjal 1.4.
- 2.4 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/111 frá 28. janúar 2016 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 101/2011 um þvingunaraðgerðir sem beinast gegn tilteknunum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Túnis, fylgiskjal 2.4.

Ákvæði 2. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 29. apríl 2016.

Lilja Alfreðsdóttir.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.4.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/119

frá 28. janúar 2016

**um breytingu á ákvörðun 2011/72/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
sem beinast gegn tilteknum einstaklingum og rekstraraðilum með tilliti til ástandsins í Túnis**

- 1) Ákvæði 5. gr. ákvörðunar 2011/72/SSUÖ hljóði svo:

5. gr.

Þessi ákvörðun skal gilda til 21. janúar 2017. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.

- 2) Í stað viðaukans við ákvörðun 2011/72/SSUÖ komi viðaukinn við ákvörðun þessa.
(Efnisútdráttur).

VIDAUKI

Listi yfir aðila og rekstrareiningar sem vísað er til í 1. gr.

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1459777681557&uri=CELEX:32016D0119>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 2.4.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/111

frá 28. janúar 2016

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 101/2011 um þvingunaraðgerðir
sem beinast gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Túnis**

- Í stað I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 101/2011 komi textinn í viðaukanum við reglugerð þessa.
(Efnisútdráttur).

VIDAUKI

Listi yfir aðila og rekstrareiningar sem vísað er til í 2. gr.

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1459777681557&uri=CELEX:32016R0111>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.